

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra- og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins - Vegtengingar Bryggjuhverfis við Grafarvog og nágrenni (US190088).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs var eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu samgöngustjóra:

*Óskað er eftir upplýsingum um stöðu mála hvað varðar vegtengingar Bryggjuhverfis við td. Grafarvog og eins aðreiu úr hverfinu inn á Höfðabakka.
Hver er staða mála bæði hvað varðar útfærslur og eins tímalínu?*

Samkvæmt rammaskipulagi fyrir *Elliðaárvog - Ártúnshöfða* er gert ráð fyrir nýrri aksturstengingu Sævarhöfða við Gullinbrú, til að tengja Bryggjuhverfi betur við byggð í Grafarvogi. Tengingin er fyrirhuguð í gegnum vegfyllinguna og inn á Gullinbrú til norðurs og suðurs. Jafnframt er fyrirhuguð að bæta tengingar stíga á sama svæði.

Vegurinn um Gullinbrú er þjóðvegur í þéttbýli og því er útfærsla á tengingunni unnin í samstarfi við Vegagerðina. Unnið er að greiningu, útfærslu og forhönnun. Þegar endanlegt skipulag liggur fyrir verður hægt að bjóða út verkhönnun á tengingunni og í framhaldinu hefja framkvæmdir. Vonast er til að framkvæmdir geti hafist árið 2021.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri